

Nd.

252. Frumvarp til laga

[135. mál]

um orkujöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Leggja skal 2% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

2. gr.

Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 8. apríl 1980.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar orkujöfnunargjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimt orkujöfnunargjald af henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 15. apríl 1980.

III

Af vörum söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 8. apríl 1980 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða orkujöfnunargjald, nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. júní 1980.

IV

Vegna aprílmánaðar 1980 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annari vegna söluskattsskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 7. apríl en hinni vegna sölu- og orkugjaldsskyldrar starfsemi frá og með 8. apríl og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú geysilega hækkun olíuverðs sem átt hefur sér stað á undanförunum árum hefur víða valdið vanda og skapað mikla fjárhagserfiðleika. Við Íslendingar höfum brugðist við þessum vanda með átaki í orkumálum, m. a. með aukinni notkun innlendra orkugjafa til húshitunar. Þrátt fyrir það sem hefur áunnist í þessum eignum er enn alllangt í land með að allir landsmenn geti notað innlenda orku til húshitunar, og meðan svo er ber nauðsyn til að jafna þann aðstöðumun er af þessu leiðir.

Megintilgangur frumvarps þessa er að afla ríkissjóði fjár til að standa straum af kostnaði við greiðslu oliustyrks til húshitunar og til að styrkja orkusparandi aðgerðir. Skattur samkvæmt lögum þessum rennur óskiptur í ríkissjóð. Af þeim um 7 000 milljónum kr. sem ætla má að hann skili á árinu 1980 munu um 4 500 milljónir kr. ganga til framangreindra verkefna. Á árinu 1980 er gert ráð fyrir verulegum framlögum til Rafmagnsveitna ríkisins og til annarra verkefna á sviði orkumála. Hafa þessi útgjöld ásamt öðru átt þátt í að veikja stöðu ríkissjóðs verulega. Þykir ekki óeðlilegt að það sem eftir stendur af gjaldinu renni í ríkissjóð til að styrkja stöðu hans til mótvægis við fyrrgreind framlög til orkumála.